

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna tæmingar rotþróa eða meðhöndlunar seyrú skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við framkvæmdaraðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann skotið málinu til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mál út af brotum á samþykkt þessari eða gjaldskrá sem settar eru samkvæmt henni skal fara með sem opinbert mál.

13. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Súðavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Súðavíkurhreppi nr. 355/1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur þeirra húseigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþróum við setningu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2005 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 30. október 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/2003 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á einstaklinga er lauk 31. júlí 2003.

Í stað 29. október 2003 skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur þann 4. febrúar 2004 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 2002 og eigna í lok þess árs.

Reykjavík, 29. október 2003.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.